



# Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2023

**haldinn að Stórhöfða 29  
fimmtudaginn 14. desember 2023**

Gísli B. Ívarsson formaður Dalbúa setti fundinn kl. 17:15 í fundarsal húsi Fagfélaganna að Stórhöfða 29 í salnum Snæfell.

Formaður stakk upp á að Ásbjörn Sveinbjörnsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma og að Anna Helgadóttir yrði ritari og var það einnig samþykkt einróma.

## **Mættir voru:**

Gísli B. Ívarsson, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Anna Helgadóttir, Eiríkur Þorláksson, Georg Páll Skúlason, Snæbjörn Stefánsson, Guðni Elíasson, Haraldur Ólafsson, Bryndís Scheving, Guðbjörg Ingólfssdóttir, Þórður Heiðar Jónsson, Árni Valsson, Eyjólfur Óli Jónsson, Anthony Karl Flores og Júlíus Pálsson.

## **1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.**

Gísli B. Ívarsson formaður kynnti skýrslu stjórnar (sjá umrædda ársskýrslu sem lögð verður fram á vefsíðu Dalbúa [www.dalbui.is](http://www.dalbui.is))

Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir starfsemi klúbbsins á árinu 2023 en jafnframt fylgja henni skýrslur nefnda, mótanefndar og vallarnefndar þar sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars vegar mótahaldi sumarsins og eins vinnu við völlinn sjálfan.

Nýliðið rekstrarár gekk nokkuð vel en vegna mikillar bleytu á vellinum í upphafi sumars var opnun vallarins frestað til 2. júní, en þetta er 2-3 vikum seinna en í venjulegu árferði. Þessi ákvörðun reyndist okkur vel inn í sumarið en gestir sumarsins hrósuðu okkur fyrir ástand vallarins. Eyjólfur Óli vallarstjóri stóð sig mjög vel í umhirðu vallarins eins og undanfarin sumur.

Þetta sumar eins og sumarið 2022 vorum við aðeins með rástímaskráningar við lýði en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála. Sama fyrirkomulag átti við um aðila innan Graffu, RSÍ og VM og aðila sem keypt höfðu af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu. Nokkuð var auglýst með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum undir yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og náði það að kynna völlinn vel. Samkvæmt skráningum á velli í gegnum golf.is þá var gestafjöldinn hjá okkur rúmlega 15.000 samborið við tæplega 4.000 árið áður.

Alls greiddu 130 félagar árgjald til klúbbsins á árinu 2023. Með heiðursfélögum voru félagsmenn því 138 talsins í lok starfsársins, samanborið við 137 í lok starfsárs 2022. Nýskráningar voru alls 16, en úrsagnir alls 15.

Hinn árlegi vinnudagur var haldinn 15. maí og var mæting að venju góð þar sem vel var tekið til hendinni, glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir og ýmislegt fleira sem til féll. Þegar vinnu var lokið bauð klúbburinn upp á veitingar í nýprifnu klúbbhúsinu okkar.

Stærstu umbótaverkefni sem unnin voru á velli voru lagfæring og endurbygging á tjörninni, uppsetning á salernishúsi úti á velli, stækkun á teig 9 og þá var byrjað að vinna við úrbætur á vökvunarkerfi vallarins, þá voru settar upp nýjar flokkunar ruslatunnur.

Komið var upp skiltum við klúbbhús og brautir þar sem okkar helstu styrktaraðilum voru gerð góð skil.

Vélakostur Dalbúa er í þökkalegu standi en keypt var inn notuð flatarláttuvél fyrir sumarið. Þá hefur vallarnefnd lagt til að farið verði í að skoða að taka í notkun slátturóbóta og verður fjallað um það mál nánar undir önnur mál.

Golfmót sumarsins voru sjö talsins og heppnuðust þau mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í sumum þeirra þurfti að ræsa út tvöfalt á nokkrum teigum og var ánægjulegt að sjá hversu góð þátttakan var hjá okkur. Í öllum mótunum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir og auðveldaði mjög uppgjör móta.

Lokamótið var sett upp sem bændaglíma og enduðum við mótið og starfsárið með grillveislu og hálfgerðu sveitaballi þar sem allir skemmti sér vel. Nánari upplýsingar um mót sumarsins má finna í skýrslu mótanefndar.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba 5. deild sem fram fór á Höfn í Hornafirði, fulltrúar okkar voru þeir Eyjólfur Óli Jónsson, Guðmundur Hauksson, Júlíus Pálsson og Magnús Gautur Gíslason. Þeir félagar stóðu sig með sóma og er ætlunin að taka þátt aftur á næsta ári og senda þá jafnvel einnig kvennalið.

Boðið var upp á golfkennslu dagana 11.-12. ágúst og mættu um 30 aðilar. Um kennsluna sá Örn Ólafsson, golfkennari og farið var yfir þútt, járnin, stutta spilið og vipp. Stefnt er að því að endurtaka þetta síðar, en mikil ánægja var með þetta framtak.

Anna Helgadóttir, ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og eru henni færðar bestu þakkir fyrir. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Katrín Erla Kjartansdóttir stóð vaktina í skálanum þetta sumarið eins og sumarið áður og sinnti starfi sínu með miklum ágætum og eru henni færðar bestur þakkir fyrir og vonandi fáum við að njóta hennar starfskrafta næsta sumar. Þá voru keypt ný útihúsgögn við skálann sem komu mjög vel út og vel nýtt í góða veðrinu.

## **2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins**

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn sem lagður var fram á fundinum (sjá ársreikning 2023 sem settur verður inn á heimasíðu klúbbsins [www.dalbui.is](http://www.dalbui.is))

Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 21 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 14,2 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um rúmlega 5 m.kr.

Eigið fé í árslok er um 31,7 m.kr. og skuldir nær engar.

Fram kom að góða fjárhagsstöðu má þakka aukinni sölu vallargjalda aukningu í sölu í sála og minni framkvæmdum við völlinn.

Dalbúi á inneign á bankareikningi að upphæð rúmlega 8,6 m.kr. og er því svigrúm til að fara í framkvæmdir og jafnvel aukningu á vélbúnaði og nauðsynlegu viðhaldi.

## **3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar**

Almenn ánægja var hjá fundamönnum um ástand vallarins síðast liðið sumar og þann aukna aðgang að vellinum sem skila sér í auknum tekjum til klúbbsins.

Fundarmenn voru ánægðir með góða ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni og voru ánægðir með hversu vel væri haldið utanum fjármuni félagsins.

*Ársskýrsla og ársreikningur samþykkt samhljóða.*

## **4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga**

Engar tillögur til lagabreytinga voru lagðar fram af hálfu stjórnar og engar slíkar tillögur bárust fundinum.

## **5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og afgreiðslu**

Engar aðrar tillögur bárust sem teknar skyldu til umræðu eða afgreiðslu.

## **6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár**

Af hálfu stjórnar var lagt til að fela stjórn Dalbúa að ákveða árgjöld og önnur gjöld fyrir starfsárið 2024.

*Tillagan samþykkt.*

## **7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins**

Fundarstjóri tilkynnti að Gísli B. Ívarsson gæfi kost á sér til formanns áfram, ekki bárust önnur framboð og var Gísli endurkjörinn með lófaklappi fundarmanna.

Kjörtímabili tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2021 rann út, þeirra Ásbjörns Sveinbjörnssonar og Guðbjargar Ingólfssdóttur (sem kom inn fyrir Hafþór B. Guðmundsson á seinna árinu hans í stjórn) gáfu þau bæði kost á sér til endurkjörs, ekki bárust fleiri framboð og eru þau því réttkjörin til tveggja ára setu og var það samþykkt með lófaklappi fundarmanna. Eiríkur Þorláksson sem verið hefur stjórnarmaður til nokkurra ára og gjaldkeri félagsins gaf ekki kost á sér til endurkjörs, en hann var kosinn til tveggja ára á aðalfundi 2022 og átti því eitt ár eftir í stjórn, í hans stað gaf Helga Kristín Snæbjörnsdóttir kost á sér og var hún samþykkt til setu í stjórn til eins árs.

Stjórn félagsins fyrir starfsárið 2024 er því þannig skipuð:

Gísli B. Ívarsson formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Anna Helgadóttir, Guðbjörg Ingólfssdóttir, Helga Kristín Snæbjörnsdóttir.

Varamenn til stjórnar eru kjörnir til eins árs í senn og buðu Bryndís Scheving og Helgi Einarsson sig fram, ekki komu fleiri framboð og þau því endurkjörin.

Stjórnin mun svo skipta með sér verkum á fyrsta fundi ársins.

## **8. Kosning tveggja skoðunarmanns reikninga og eins til vara**

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssynu og Georgi Páli Skúlasyni til vara.

*Samþykkt samhljóða.*

## **9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar**

Stjórn lagði fram, fjárhagsáætlun ársins 2024 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Í fjárhagsáætluninni var tekið tillit til hækkunar á aðföngum frá síðustu áætlun, en rétt er að fara varlega við gerð fjárhagsáætlunar þrátt fyrir góða stöðu félagsins.

## 10. Önnur mál

Gísli B. Ívarsson nýkjörinn formaður þakkaði stuðninginn og þakkaði jafnframt Eiríki Þorlákssyni fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn.

### Önnur mál frá stjórn

a) Stjórnin leggur til breytingar á orðalagi í lögum klúbbsins þar sem tekin verði út kynbundin orð, en þetta er samkvæmt samþykkt á GSÍ þingi.

*Samþykkt.*

### b) Kaup á tækjum

Vallarnefnd leggur til að skoðað verði með að kaupa fleiri tæki fyrir sumarið 2024 en tilboð liggur fyrir í sandara og sáningarvél, það tilboð er reyndar runnið út að sögn vallarstjóra og skoða þarf að fá nýtt tilboð.

### c) Stækkun á golfskála

Gísli B. Ívarsson formaður og Ásbjörn Sveinbjörnsson varaformaður hafa átt fundi með fulltrúum RSÍ og Grafiu varðandi stækkun á skála klúbbsins en félögin eiga 90% í húsinu. Kynntu þeir fyrir fundarmönnum stöðuna á þessu verkefni og að komið væri kostnaðarmat í að reisa skálann tilbúinn fyrir innréttingar og lagnir sem hljóðaði upp á 16 m. kr.

Fundarmenn voru nú ekki alveg á því að þetta kostnaðarmat kæmi til með að standast og fannst það heldur lágt. Eiríkur Þorláksson tók til máls og var ekki sáttur við þessa framkvæmd fannst hún alltof dýr miðað við notkun hægt væri að fara ýmsar aðrar leiðir t.d. bæta aftan við húsið eða lengja það fram. Þá fannst honum að skoða þyrfti t.d. byggingaleyfi, umhverfismat o.fl. Þetta mál þarf að ræða alveg í þaula áður en ákveðun verður tekin um að fara í svona dýra framkvæmd. Hægt væri að leysa þetta með tjaldi bakvið húsið eins og gert hefur verið áður. Þá benti hann á að hægt væri að kaupa félögin jafnvel útúr húsinu og þannig yrði þessi ákvörðun alfarið á höndum stjórnar klúbbsins. Georg Páll tók til máls og var sammála Eiríki að mörgu leiti og sagði jafnframt að enginn sérstakur áhugi væri hjá félögunum (RSÍ, Grafiu og VM) að eiga skálann og hafi það verið barátta innan félaganna að halda við styrkjum til klúbbsins og því þyrfti að fara mjög varlega í svona ákvarðanir og skoða fleiri möguleika, jafnvel tjald.

### Niðurstaða vegna skoðanakönnunar félaga GD kynnt

Formaður kynnti niðurstöðu skoðanakönnunar sem fram fór meðal félagsmanna. Klúbburinn kom nokkuð vel útúr þessari könnun og virðist vera almenn ánægja með starfsemi hans og ástand vallarins en 73 félagsmenn tóku þátt í könnuninni sem verður að teljast ásættanleg þátttaka, en það er um 50% félagsmanna. Helstu niðurstöður könnunarinnar verða teknar til skoðunar innan

stjórnar og bætt úr því sem helst kom fram að mætti bæta, en eftirfarandi upptalning gefur glögga mynd af því sem helst þarf að bæta.

Verð á veitingum/ bjór.	7
Viðvera starfsmanna í skála/lengri opnun	7
Umgengni í kringum skemmu	6
Fleiri ruslatunnur á völlinn	5
1. braut - athugasemdir	4
Geymsluaðstaða fyrir golfsett/kerrur	3
Úrval veitinga í skála	3
Boltavél við æfingasvæði og lengdarmælingar - laga æfingasvæði	3
Tæming á ruslatunnum	2
Endurnýjun skála	2
Símamál	1
Uppsetning móta	1
Úrval af golfvörum í skála	1
Fleiri golfmót fyrir styttra komna - 9 holur	1
Bílastæðamál	1
Sameina 4/7 flatir	1
Tjald eða skyggni/markísa á útisvæði	1
Stjórn golfmóta/viðmót	1

Gaman væri að skoða í golfboxinu hvenær mestu álagstímarnir eru og jafnvel að bjóða afslátt á völlinn þegar minnsta álagið er.

Að lokum þakkaði formaður fyrir góðan fund og þakkaði sérstaklega Eiríki Þorlákssyni fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn og færði honum þakklætisvott frá klúbbnum. Eiríkur þakkaði fyrir sig, en hann hefur lengi verið viðloðandi klúbbinn og haft ánægju af.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Helgadóttir